

Um réttindi farþega vegna seinkunar á flugi, aflýsingar eða neitunar á fari er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

- Reglugerðin er í fullu gildi, en aðstæður hafa breytt útfærslum að hluta.
- Reglugerðin á ekki við þegar flug fer fram en farþegi má ekki ferðast vegna takmarkana sem yfirvöld í komulandi hafa sett.
  - Farþegum er ráðlagt að athuga hvort ferðatrygging þeirra bæti tjón í þessum tilvikum.
- Reglugerðin á ekki við þegar farþegi hættir sjálfur við flug á eigin forsendum. Farþegar eiga samt rétt á endurgreiðslu skatta og gjalda.
- Réttur á bótum: Covid-19 = óviðráðanlegar aðstæður þar sem ákvarðanir stjórnvalda koma í veg fyrir reglubundið flug.
- Réttur á upplýsingum: Farþegi á alltaf rétt á upplýsingum um réttindi sín.
- Réttur á við aflýsingu flugs, það á að bjóða farþega **val** á milli:
  - Endurgreiðslu farmiða
  - Nýtt flug við fyrsta tækifæri
  - eða annað flug síðar við hentugleika.
- Réttur á þjónustu, farþegi á ávallt rétt á þjónustu á meðan beðið er eftir flugi sem hefur verið aflýst. Sú þjónusta felur í sér: mat, drykk og gistingu eftir aðstæðu sem og upplýsingar.
- Flugrekendur í Evrópu hafa verið að bjóða inneign vegna ferða sem þeir aflýsta. Þetta er leyfilegt en það er alltaf val farþegans hvort hann þiggur inneignina eða endurgreiðslu farmiða.